



Erindisbréf starfshóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá skrifstofum ráðhúss

Reykjavíkurborg hefur staðið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlun (KFS) síðan 2011 og er það hluti af samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við starf borgarinnar í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um stjórnarsýslu jafnréttismála nr. 151/2020, sbr. aðgerðaráætlun í mannréttindamálum og mannréttindastefnu borgarinnar. Við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun eru kynja- og jafnréttissjónarmið höfð til hliðsjónar við alla fjárhags- og stefnumótunar vinnu.

Frá árinu 2019 hafa verið starfandi starfshópar á fag- og kjarnasviðum borgarinnar sem er ætlað að fylgja eftir vinnu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sínu sviði.

Á fundi Borgarráðs þann 20. janúar 2022 var samþykkt skýrsla og tillögur starfshóps um framtíðar endurskoðun og framkvæmd jafnréttisskimanar og jafnréttismats. Tillaga 6c kveður á um að til að styrkja framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) innan skrifstofa Ráðhússins þá sé einnig stofnaður KFS starfshópur í Ráðhúsinu.

Hlutverk starfshópsins er að leiða og styðja við vinnu KFS á skrifstofum Ráðhúss, sjá til þess að jafnréttisskimanir, jafnréttismöt og greiningar á þjónustupáttum og öðrum verkefnum séu unnin þar sem við á og veita ráðgjöf við gerð þeirra.

Hópurinn hefur þegar verið skipaður og tekið til starfa. Starfshópurinn skipa:

- Dagný Ingadóttir, fulltrúi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
- Hildur Lillindahl Viggósdóttir, fulltrúi frá skrifstofu borgarstjórnar
- Valgerður Jónsdóttir, fulltrúi frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Jón Pétur Skúlason, fulltrúi frá borgarlögmanni

Óskað er eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki erindisbréf starfshóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá skrifstofum ráðhúss.

Virðingarfyllt,
Sigríður Finnbogadóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Erindisbréf

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hjá skrifstofum Ráðhúss

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar, mannréttindastjóri og borgarlögmaður.

Hlutverk:

Vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á skrifstofum Ráðhúss. Helsta hlutverk starfshópsins er að leiða og styðja við vinnu að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar og í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun sé fylgt eftir á skrifstofum Ráðhúss.
- Útbúa áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá skrifstofum Ráðhúss.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustupáttum og öðrum verkefnum á skrifstofum Ráðhúss.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum (jafnréttismat) á stefnumótandi verkefnum og ákvörðunum.
- Hafa umsjón með vinnu á jafnréttisskimun og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar (FMS-VLR-048 og FMS-STE-001).
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildir (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-086).
- Greina hvaða kyngreindu gögnum þarf að safna á skrifstofum Ráðhúss og finna leiðir til þess.

Starfshópurinn skipa:

- Dagný Ingadóttir, fulltrúi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, fulltrúi frá skrifstofu borgarstjórnar
- Valgerður Jónsdóttir, fulltrúi frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Jón Pétur Skúlason, fulltrúi frá borgarlögmanni

Ráðgjöf/samstarf:

Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar, og aðrir aðilar, innan og utan borgarkerfis, eftir atvikum, með sérþekkingu á málefnum.

Starfstímabil:

Ótímabundið.